

Nr. 17-179 S 129 Drangavík VE 80***Skipverji slasast á hendi***

Skipaskr.nr. 2048 IMO nr. 8812045
Smíðaður: Portúgal 1991, stál
Útgerð: Vinnslustöðin hf
Stærð: 356,5 BT
Mesta lengd: 28.98 m Skráð lengd: 28.02 m
Breidd: 7.9 m Dýpt: 6.2 m
Vél: Deutz 465 kW, 1991
Fjöldi skipverja: 11



Drangavík©Hilmar Snorrason

Gögn:
Gögn RNS

Málið afgreitt á fundi 12. mars 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmar Snorrason, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 27. október 2017 var Drangavík VE 80 á humarveiðum með botnvörpu í Meðallandsbugt. Veður: V 15-20 m/s.

Skipið var með eitt troll úti vegna veðurs og miðjuvíslóðið hafði verið sett fast með fremri gils til að koma í veg fyrir að það væri að slást utan í skutrennuna. Þegar hlerarnir komu upp var gilsinum slakað en þá var skipverji að fara með leiðara að hlera og klemmdist með hægri hendi milli lóðs og lunningar. Hendin festist á milli og þurfti hann aðstoð við að losa hana.

Við rannsókn kom fram:

- að lóðinu var slakað til að nota gilsinn við að taka trollið;
- að togblokkinn fyrir lóðið lá stjórnborðsmegin yfir rennunni;
- að skipverjinn var að fara með leiðara aftur á stjórnborðshlera;
- að hann marðist illa og bólgaði á framhandlegg.

Nefndarálit:

Málið hefur verið skráð en gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.